



Erfiðleikar með skrift og ritun – Ráðleggingar til kennara og foreldra

Ritun liggur mjög misvel fyrir fólki. Nokkur fjöldi nemenda á í erfiðleikum með að tileinka sér þá færni sem krefst til þess að koma frá sér rituðum texta.

Þegar rætt er um skrift er átt við þá færni að skrifa stafi, en með orðinu ritun er átt við allt það ferli sem felur í sér að setja stafina og orðin saman í heildstæðan texta. Ef um mikla erfiðleika er að ræða geta þeir haft mjög hamlandi áhrif á nám. Sömuleiðis geta slíkir erfiðleikar sett fólki ýmsar takmarkanir í starfi og daglegu lífi á fullorðinsárum.

Ritun – Nauðsynlegar forsendur

Ritun er mjög flókið og krefjandi ferli sem reynir samtímis á ýmsa færni, m.a.:

- Einbeitingu
- Langtíma- og skammtímaminni
- Málþroska
- Almenna rökhugsun
- Fínhyrfærni
- Samhæfingu augna og handa

Þegar um mikla erfiðleika í ritun er að ræða er stundum talað um sértæka námserfiðleika í skrift/ritun (dysgraphia). Erfiðleikar á þessu sviði geta stafað af ýmsum orsökum, t.d. stafsetningarerfiðleikum, slakri máltilfinningu og litlum orðaforða, slakri skipulagsfærni (executive functioning) og einbeitingarerfiðleikum, slakri vitsmunalegri getu eða fínhyrfierfiðleikum. Börn með sértæka námserfiðleika í lestri (dyslexia) eiga oft erfitt með ritun. Æfingarleysi og ónóg kennsla kemur líka niður á hversu vel fólki gengur að skrifa texta. Áhugi eða áhugaleysi skiptir sömuleiðis máli. Auðveldara er að veiga upp á móti vandkvæðum í ritun ef vandinn liggur aðallega á einhverju einu sviði, heldur en ef um margþættan vanda er að ræða.

Skrift

Rétt grip um skriffæri er ein af forsendum þess að skriftin verði þjál. Mikilvægt er að leiðrétta rangt grip áður en það hefur fest sig í sessi. Eftir því sem fyrr er gripið inn í er auðveldara fyrir barnið að tileinka sér rétt handbragð við skriftir. Til þess að æfa stafagerð og skrift geta eftirfarandi ábendingar komið að gagni:

- Veljið skriffæri sem liggur vel í hendi barnsins.
- Gúmmígríp sem hægt er að setja á blýanta og þríhyrindir blýantar geta auðvelað barninu að halda rétt um skriffæri.
- Sum örvhend börn hafa höndina fyrir ofan línu þegar þau skrifa. Slíkt grip er stirt, barnið sér ekki orðin og setninguna sem það er að skrifa þar sem höndin hylur síðustu

línurnar, höndin strýkst yfir nýskrifuð orðin og blaðið verður sóðalegt. Með þessu handarlagi er líka erfitt fyrir barnið að ná góðum skriftarhraða. Því ætti að hvetja örvhend börn til þess að halda hendinni neðan línu.

- Hugsanlega má leita til iðjuþjálfra um ráðleggingar ef úrræði heima og í skóla gefa lítinn árangur.
- Í þessum efnum, eins og mörgu öðru, skapar æfingin meistarann. Skrift þarf að æfa til þess að taka framförum.

Almennt viðhorf til skrifta

Foreldrar geta gert ýmislegt til þess að örva löngun barna til þess að tjá sig skriflega og efla færni þeirra á því sviði, t.d. að:

- Lesa fyrir barnið og hvetja til sjálfstæðs lestrar. Lestur eykur orðaforða og málvitund og gerir barninu auðveldara að tjá sig.
- Gera barnið meðvitað um hvernig ýmiskonar ritmál (minnislistar, persónuleg bréf og annar póstur, skrifleg tölvusamskipti, dagblöð og tímarit, bækur o.fl.) gegnir mikilvægu hlutverki í lífi foreldra með því að skrifa og lesa í ásýnd barnsins.
- Ræða við barnið um ýmsa þætti í eigin ritunarferli (t.d. “Stundum skrifa ég bara stikkorð þegar ég þarf að muna eitthvað, t.d. hvað við þurfum að hafa með í útileguna. Þegar ég spjalla við vin minn á MSN er það meira eins og þegar við ræðum saman; ég skrifa eitthvað, hann svarar og ég svara til baka o.s.fv.. Þegar ég þarf að skrifa bréf í vinnunni hef ég oft óljósa hugmynd fyrirfram um hvernig það verður. Stundum veit ég ekki alveg hvað ég á að skrifa. Þá ræði ég e.t.v. fyrst við starfsfélagi minn eða leita að upplýsingum, t.d. á netinu. Ég byrja kannski á að skrifa niður nokkur atriði sem eiga að koma fram í bréfinu. Það skiptir ekki miklu máli hvar maður byrjar þegar maður vinnur á tölvu, því alltaf er hægt að færa setningar til innan textans. Stundum byrja ég á að skrifa það sem kemur síðast fram í bréfinu. Þegar ég er byrjaður að skrifa dettur mér oft ýmislegt annað í hug sem ég hafði ekki hugsað út í fyrirfram. Svo reyni ég að raða þessum setningum saman og breyta þeim þannig að það verði auðvelt að lesa bréfið fyrir þann sem fær það. Þá kemur stundum í ljós að það vantar eitthvað til þess að bæta samhengið í textanum. Svo athuga ég hvort bréfið sé rétt stafsett. Ég þarf líka að passa að allt sé á sínum stað, dagsetning, nafn viðtakanda, undirskrift mín, o.s.fv.”.
- Gera barnið að virkum þátttakanda í ýmiskonar skriftarverkefnum á heimili, t.d. að skrifa innkaupalista og aðra minnislista, skrifa skilaboð til annarra fjölskyldumeðlima, skrifa afmælis- og jólakort, skrifa óskalista, skrifa tölvupóst og SMS merkja hluti o.s.fv.
- Hvetja barnið til þess að skrifa dagbók, ferðabók o.s.fv.

Úrræði til þess að viðhalda áhuga og sjálfstrausti gagnvart ritun og skrift

Leikskólabörn sýna því almennt mikinn áhuga að teikna og skrifa. Ein frumforsenda þess að börn taki framförum í skrift og ritun er að áhugi þeirra sé ekki drepinn niður. Ef ritunarverkefni

verða að kvöð eða barnið finnur fyrir áhugaleysi foreldra eða verður jafnvel fyrir mikilli gagnrýni fyrir frammistöðu sína hverfur áhuginn hins vegar fljótt og barnið verður afhuga ritun.

- Hvatning og áhugi foreldra og kennara á skriftar- og ritunaræfingum barnsins ýtir undir áhuga barnsins á að nota færni sína og gera betur.
 - Reynið að finna eitthvað jákvætt að segja um skriftir barnsins þó svo að þær séu ekki gallalausar.
- Leiðréttingar og ábendingar um það sem betur má fara geta verið lærdómsríkar fyrir nemendur, en foreldrar og kennarar þurfa að gæta hófs í gagnrýni – bæði meðan á verkefnavinnu stendur og eftir að henni er lokið.
 - Til þess að gagnrýni nái þeim tilgangi sínum að byggja upp færni þarf að huga vel að orðalagi (t.d. “Ég skil ekki alveg hvað þú átt við með þessari setningu. Þú ættir kannski að útskýra þetta nánar eða umorða setninguna” í stað þess að segja “Þetta gengur ekki, það er enginn sem skilur þetta hjá þér”).
- Kröfur og væntingar foreldra og kennara um framfarir hafa mikið að segja. Hæfilegar væntingar sem eru í samræmi við getu barnsins virka hvetjandi, en of miklar kröfur valda uppgjöf í námi.
- Öll börn þurfa að finna að verk þeirra séu metin að verðleikum. Með því að ræða ritverkið við aðra, hengja það upp, biðja nemandann um að lesa það upp o.s.fv. senda uppalendur¹ þau skilaboð til barnsins að það hafi staðið sig vel.
- Börn sem eiga erfitt með skrift vilja forðast slíka vinnu. Það hefur hvetjandi áhrif að gera framfarir sýnilegar á einhvern hátt.
 - Útbúið litið æfingahefti sem barnið skrifar reglulega í (gjarnan daglega). Á fyrstu blaðsíðuna skrifar barnið stuttan texta (t.d. nafnið sitt og e.t.v. annarra í fjölskyldunni eða litla vísu) auk dagsetningar. Barnið skrifar svo alltaf þennan sama texta reglulega í bókina. Með því að barnið getur borið frammistöðu sína saman við textann á fyrstu blaðsíðunni verða framfarir mjög sýnilegar og barnið verður meðvitað um að fyrirhöfnin ber árangur.
 - Til þess að gera árangur sýnilegan má einnig safna saman ýmiskonar öðrum skriftar- og ritunarverkefnum sem barnið hefur unnið.

Bundin frásögn - Fræðileg ritun

Í mörgum tilfellum eiga börn auðveldara með skriftir þegar verkefnið felur í sér fræðilega frásögn heldur en ef um persónulegri tjáningu er að ræða.

- Ýmiskonar fræðsla um efnið (t.d. að lesa fyrst um hvali og skoða myndir af þeim áður en kemur að ritunarverkefni) veitir barninu ákveðinn grunn til þess að byggja á.
- Sum börn eiga erfitt með að finna réttu hugtökin yfir það sem þau vilja/ eiga að skrifa um. Til þess að nemendur geti hugsað um ákveðið viðfangsefni og komið

¹ Með orðinu „uppalendur“ er hér bæði átt við forráðamenn, starfsmenn skóla og aðra sem koma að uppeldi og kennslu barnsins.

vangaveltum sínum um það á framfæri þarf að tryggja að nemendur skilji og geti notað lykilhugtök sem gætu komið við sögu. Stikkorð frá kennara eða samræður við nemanda áður en skriftir hefjast þar sem helstu hugtök eru skrifuð niður geta komið að gagni í slíkum tilfellum.

Frjáls frásögn – Skapandi frásögn – persónuleg ritun

Frjáls frásögn er mörgum nemendum erfið og margir bera því við að þeim detti ekkert í hug til þess að skrifa um. Ýmsar leiðir er hægt að fara til þess að afmarka viðfangsefni, kveikja áhuga og koma hugmyndafluginu af stað:

- Þegar um frjálsa frásögn er að ræða geta umræður um áhugamál nemandans eða eitthvað áhugavert sem hann hefur upplifað komið honum á sporið.
- Persónuleg frásögn verður auðveldari ef hægt er að skapa tilgang með skrifunum. Dæmi um ritunarverkefni sem nemendur gætu séð einhvern tilgang í er t.d. að skrifa um hvers vegna það ætti að leyfa nemendum að hafa húfur á höfðinu í kennslustundum, hvers vegna það ætti að kenna annað en stærðfræði og íslensku í skólanum, hvaða skoðun nemendur hafa á matnum í mötuneytinu, o.s.fv. Auk þjálfunar í að koma skoðun sinni skriflega á framfæri getur kennari lagt áherslu á muninn á persónulegri skoðun og staðreynd og mikilvægi þess að rökstyðja eigin skoðanir.
- Að skapa umræður með hnyttinni eða umhugsunarverðri hugmynd/fullyrðingu.
- Sjónræn áreiti t.d. myndir, ýmsir ápreifanlegir hlutir o.s.fv. geta komið hugarfluginu af stað. Ýmist gæti verið um eina mynd/hlut að ræða eða fleiri. Myndir og hlutir geta verið tengdir á einhvern hátt (t.d. myndir af hundi í mismunandi aðstæðum) eða mjög ólíkir (t.d. leikfangabangsi, kjóll og blóm).

Stór ritunarverkefni

Börn með námserfiðleika mikla stór verkefni oft mjög mikið fyrir sér.


- Oft gefst betur að leggja fyrir nokkur stutt verkefni heldur en fá stór, þó svo að heildarvinnan verði að lokum sú sama þegar dæmið er gert upp.
- Þegar um lengri verkefni er að ræða (t.d. ritgerðir) er mikilvægt að bæði nemendur sem glíma við ritunarerfiðleika og foreldrar þeirra fái eins fljótt upplýsingar um verkefnið og auðið er.
 - Lengri skilafrestur gæti líka komið til greina.
- Í löngum verkefnum má skipta ritunarferlinu í nokkur stig þar sem unnið er með mismunandi áfanga í ferlinu.
 - Fyrsti hluti verkefnisins getur t.d. verið að hugleiða ýmis efni sem koma til greina að skrifa um og velja eitt þeirra.
 - Næstu skref gætu gengið út á að skipuleggja verkefnið og skrifa uppkast.
 - Lokastigið gæti falist í að leiðrétta og hreinskrifa textann.

- Undirbúningur ritunar hefst oft með samræðum. Gagnlegt er að nemandi eða foreldri skrifi niður minnispunkta úr slíkum samræðum áður en skriftir hefjast. Minnispunktar koma að mestu gagni ef hægt er að raða þeim saman eftir á, t.d. ef þeir eru slegnir inn á tölvu eða á staka minnismiða sem hægt er að færa til og raða þeim svo í ákveðna röð (t.d. tímaröð ef um frásögn af ákv. atburði er að ræða) áður en skriftir hefjast.
 - Önnur leið til þess að muna atriði úr slíkum samræðum er að taka þær upp og spila þegar nemandinn verður strand í skriftunum.
- Oft er erfitt að fá nemendur til þess að yfirfara verkefni sín, lagfæra og leiðrétta. Stundum getur verið heppilegt að leggja verkefnið til hliðar og leiðrétta síðar. Uppalendur geta e.t.v. vísað í eigin reynslu í þessum efnum (“Mér finnst oft erfitt að koma auga á stafsetningarvillur og galla í frásögninni þegar ég hef setið lengi við að skrifa. Oft finnst mér mun auðveldara að leiðrétta textann daginn eftir”).
- Uppbygging frásagnar vefst stundum fyrir nemendum.
 - Uppbygging texta má á sjónrænan hátt líkja saman við samsetningu hamborgara (það er væntanlega óþarfi að taka fram að þetta er amerísk hugmynd):



- “Lokið”: Fyrirsögn, kynning á efninu, og/eða inngangur
- “Fyllingin”: Meginmál, aðalkafli, nánari umfjöllun
- “Botninn”: Niðurlag, niðurstaða

- Svokölluð hugarkort eða hugsanakort þar sem upplýsingar eru settar upp á sjónrænan hátt geta verið mjög hjálpleg til þess að skipuleggja frásögn. Slíkt kort getur t.d. litið svona út:



- Mjög margt þarf að hafa hugfast við ritun texta og yfirllestur (t.d. flæði, stafsetningu o.fl.) Gera má börnum þetta auðveldara með því að útbúa minnislista með nokkrum helstu atriðum sem barnið þarf að hafa í huga, t.d.:

| Uppbygging texta | Stafsetning | Frágangur |
|--|---|--|
| Hef ég inngang að frásögninni? Hef ég meginmál og niðurlag? Held ég mig við efnið? | Eru punktar á réttum stöðum? Er stór stafur á eftir punkti? Eru sérnöfn með stórum staf? Er hæfilegt bil á milli orða? | Er fyrirsögnin lýsandi fyrir frásögnina? Er verkið snyrtilegt? Undirskrift |

Tölvur sem verkfæri við ritun

- Sum börn eru hugmyndarík og eiga ekki í vandræðum með munnlega frásögn, en gengur samt erfiðlega að koma frásögn sinni skipulega niður á blað.
 - Fyrir þessi börn getur verið gagnlegt að skrifa frásögn sína á tölvu, þar sem hægt er að byrja á að setja niður ýmsar hugmyndir og raða þeim svo niður í samhangandi texta.
- Ef vandi barnsins felst í stafsetningarerfiðleikum geta leiðréttingarforrit í tölvum komið að mjög góðum notum. Til þess að forritið komi að gagni þarf að sjálfsögðu að kenna barninu kosti og galla slíkra forrita.
- Ef erfiðleikar barnsins liggja í slökum fínhyfingum sem valda því að barnið er mjög lengi að skrifa, verða fljótt þreytt í höndunum og/eða skriftin er illskiljanleg má vega upp á móti þeim vanda með því að leyfa barninu að skila tölvuunnum verkefnum.
- Þjálfun og kennsla í fingrasetningu og notkun ritvinnsluforrita eykur möguleika nemenda til þess að nýta sér tölvutæknina.
 - Árangursríkara er að þjálfun í fingrasetningu fari fram í 5-15 mínútur daglega heldur en að um langa vikulega kennslustund sé að ræða.
 - Þegar verið er að kenna börnum fingrasetningu er oft gott að stilla lyklaborð og mús tölvunnar þannig að takkarnir séu ekki eins "viljugir" og venjulega.
- Hönnuð hafa verið vefforrit sem ætlað er að þjálfna ritun, t.d.
 - *Ritbjörg*. Kennsluvefur til aðstoðar við skipulag ritsmíða.
<http://www.nams.is/ritbjorg/>
 - *Hugarflug*. Vefur um þjálfun ritunar.
<http://www.netskoli.is/adalsida.asp?Stofnun=24>
 - *Söguslóð*. Kennsluforrit um ritun sem byggir á ferlisritun. Gefið út af Námsgagnastofnun.
- Tölvur geta ekki eingöngu komið að góðum notum þegar um lengri verkefni er að ræða. Stundum er börnum boðið upp á að einföld svör við spurningum í

verkefnabókum á tölvu, prenta svörin út og skila þannig eða líma þau inn í verkefnabókina.

- Þrátt fyrir mikilvægi tölva í nútíma samfélagi er notkun skriffæris einnig mikilvæg færni sem allir þurfa að hafi á valdi sínu. Þó svo að nemandinn noti tölvu að stórum hluta í námi þarf því einnig að þjálfra meðferð skriffæris.

Ýmislegt varðandi skrift og ritun

- Börn sem eiga í erfiðleikum með einn eða fleiri af grundvallarfærniþáttum ritunar þurfa oft afmarkaðri ritunarverkefni en önnur börn.
- Þegar barn glímir við erfiðleika í skrift, stafsetningu og/eða ritun þurfa uppalendur að gera greinarmun á því hvort um skriftaræfingu, stafsetningaræfingu eða ritunaræfingu er að ræða. Ef nemandinn er of upptekinn af því hvernig orðin eru skrifuð eða stafsett getur hann átt erfitt með að halda þræði við gerð frásagnar. Til þess að trufla frásögnina sem minnst ættu uppalendur því ekki að gera mikið veður út af skrift og stafsetningu þegar um ritunaræfingu er að ræða. Öðru máli gegnir að sjálfsgöðu um skriftar- og stafsetningaræfingar þar sem áherslan er á að skrifa læsilega og rétt. Þar ætti innihald frásagnar ekki að skipta höfuðmáli.
- Varist að trufla barnið ef það er í miðjum klíðum og skriftirnar ganga vel. Ef barnið er komið inn á rangar brautir (t.d. skrifar um allt annað en sett hefur verið fyrir) gæti þó verið rétt að leiðbeina barninu inn á réttar brautir áður en lengra er haldið.
- Hvetjið barnið til að bæta við textann með því að spyrja opinna spurninga (hvað gerðist? hvers vegna? hvenær? hvernig? o.s.fv.).

Aðferðir við námsmat sem reyna lítið á skriftargetu

Í mörgum tilfellum koma önnur úrræði til greina en skrifleg verkefni, t.d.

- Munnleg verkefni og próf
- Að nemandinn merki við eða bendi á svar í löngum texta í stað þess að skrifa hann
- Krossapróf
- Að svar nemandans sé skrifað niður fyrir hann
- Að nemandinn skili nokkrum stuttum verkefnum frekar en einu löngu
- Ýmiskonar óhefðbundið námsmat, t.d. símat

Námsefni í ritun

- *Ritbjörg*. Kennsluvefur til aðstoðar við skipulag ritsmíða. <http://www.nams.is/ritbjorg/>
- *Hugarflug*. Vefur um þjálfun ritunar. <http://www.netskoli.is/adalsida.asp?Stofnun=24>
- *Söguslóð*. Kennsluforrit um ritun sem byggir á ferlisritun. Gefið út af Námsgagnastofnun.
- *Skrítinn dagur hjá Gunnari*. Léttlestrarbók og myndspjöld. Gefið út af Námsgagnastofnun.

- *Græni blýanturinn*. Bókin er ætluð nemendum sem eru að feta fyrstu skrefin í ritun. Lögð er áhersla á mismunandi tilgang ritunar og gildi hennar í daglegu lífi. Kennsluleiðbeiningar fylgja.

Frekara lesefni um skrift og ritun

- Graves, D.H. *All Children can Write*.
http://www.ldonline.org/article/All_Children_Can_Write
- Kay, M.J. *Disorders of Written Expression*. www.nldontheweb.org/Kay-1.htm
- Kristín Björk Gunnarsdóttir. *Ritun og upplýsingatækni*.
- <http://www4.mmedia.is/kbgunn/Ritger%F0in%2014.%20okt.%20-14%20punkta.pdf>
- Richards, R.G. *The Writing Road. Reinvigorate Your Students' Enthusiasm for Writing*. <http://www.ldonline.org/article/5608>
- Sigríður Heiða Bragadóttir, Sigríður Heiða Bragadóttir og Helgi Grímsson. *Skrifað í skrefum. Handbók um kennslu ritunar byggð á kenningum fræðimanna um ferlisritun*.

Maí, 2009

Aðalheiður Jónsdóttir, sálfræðingur

www.skolaust.is